

# AUGLÝSING

## um viðskiptasamning við Rússland.

Í dag var undirritaður í Reykjavík viðskiptasamningur milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Rússneska sósíalíska ráðstjórnarsambandslýðveldisins, ásamt bókun um viðskipti á árunum 1991-1992. Samningurinn og bókunin öðluðust gildi við undirskrift.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari og bókunin sem fylgiskjal 2. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utánríkisráðuneytið, Reykjavík, 4. desember 1991.*

**Jón Baldvin Hannibalsson.**

*Porsteinn Ingólfsson.*

### Fylgiskjal 1.

#### VÍÐSKIPTASAMNINGUR milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Rússneska sósíalíska ráðstjórnarsambandslýðveldisins

Ríkisstjórn lýðveldisins Íslands og ríkisstjórn Rússneska sósíalíska ráðstjórnarsambandslýðveldisins sem hér á eftir verða nefndar „samningsaðilarnir“,

sem hafa hug á að stuðla að þróun og eflingu viðskiptatengsla milli landanna tveggja á grundvelli jafnréttis og gagnkvæms hags,

viðurkenna mikilvægi langtímaráðstafana sem leggja traustan grunn að árangursríkri aukningu samstarfs milli landanna tveggja og

hafa í huga breytingar á skipulagi efnahagsmála í Rússneska sósíalíska ráðstjórnarsambandslýðveldinu sem skapa ný tækifæri og leiða til aukinna tengsla og samstarfs milli landanna tveggja á mismunandi stigum, m.a. gagnkvæmra tengsla milli fyrirtækja, stofnana og félaga,

hafa ákveðið eftirfarandi:

#### 1. gr.

Markmið samningsaðilanna er að tryggja þróun viðskipta milli landanna tveggja sem sé snurðulaus, víðtæk og eins umfangsmikil og unnt er.

#### 2. gr.

Til að tryggja báðum samningsaðilum hagkvæm skilyrði fyrir þróun í sölu vara milli landanna tveggja skulu þeir veita hvor öðrum bestu kjör að því er varðar tolla og gjöld, hverju nafni sem nefnast, aðferð við álagningu slíkra tolla og gjalda og önnur formsatriði, reglur og framkvæmdaratriði varðandi útflytning, innflytning, gegnumflytning og geymslu vara, svo og útgáfu innflytningis- og útflytningisleyfa.

#### 3. gr.

Ákvæði 2. gr. samnings þessa skulu þó ekki gilda um hagsbætur vegna þátttöku í tollabandalagi, fríverslunarsvæði eða öðrum tegundum svæðisbundins efnahagssamstarfs sem annar hvor samningsaðilanna er eða kann að verða aðili að.

#### 4. gr.

Innflytningur og útflytningur vara milli landanna tveggja skal fara fram í samræmi við ákvæði samnings þessa á grundvelli samninga sem gerðir eru milli íslenskra og rússneskra einstaklinga og lögaðila sem hafa fulla heimild til slíks.

Þar til bær íslensk og rússnesk stjórnvöld skulu veita nauðsynlega aðstoð til að auðvelda gerð og framkvæmd samninga, m.a. langtímasamninga um afhendingu vara í samræmi við samning þennan. Þau skulu leitast við að auka viðskiptin enn frekar og jafnframt hafa jafnvægi í þeim eftir því sem unnt er.

Ef samningsaðilarnir ná samkomulagi um það sín á milli geta viðskiptin milli landanna tveggja einnig farið fram á grundvelli bókana sem listar yfir vörur og þjónustu eru viðaukar við. Listar þessir skulu ekki vera til takmörkunar.

5. gr.

Greiðslur vegna viðskipta milli landanna tveggja og aðrar hugsanlegar greiðslur vegna þróunar efnahagstengsla milli landanna tveggja skulu fara fram í frjálsum skiptanlegum gjaldeyri í samræmi við gildandi löggjöf í hvoru landinu um sig.

Ef þörf krefur geta samningsaðilarnir átt viðræður um og staðið að gerð greiðslusamnings í þessu skyni.

6. gr.

Í samræmi við lög og reglur hvors landsins um sig skulu þar til bær stjórnvöld landanna beggja, þegar þar að kemur, gefa út nauðsynleg útflutnings- og innflutningsleyfi fyrir vörurnar sem samningar hafa verið gerðir um innan ramma samnings þessa.

7. gr.

Báðir samningsaðilarnir munu auðvelda stofnun sameiginlegra íslensk-rússneskra fyrirtækja og gerð vöruskiptasamninga, m.a. með samstarfi á milli svæða, til að tryggja virk, fjölbreytileg og jöfn viðskipti.

8. gr.

Til að efla viðskipti milli landanna tveggja skulu samningsaðilarnir auðvelda hvor öðrum þátttöku í vörusýningum og kaupstefnum sem haldnar eru í öðru hvoru landinu.

Í samræmi við þá löggjöf, sem máli skiptir, skulu hlutir vegna vörusýninga og kaupstefna, svo og sýnishorn vara, vera undanþegin tollum, sköttum og öðrum slíkum gjöldum.

9. gr.

Fulltrúar samningsaðilanna skulu halda fundi á þeim stað og stund, sem um semst milli þeirra, helst einu sinni á ári, til að kanna hversu miði í því að ná markmiðum samnings þessa og, ef þörf krefur, til að gera tillögur til ríkisstjórna landanna um lausn deilumála, ef einhver eru, og um frekari þróun viðskiptanna.

10. gr.

Ákvæðum samnings þessa skal beitt áfram, eftir að hann fellur úr gildi, um alla samninga sem gerðir hafa verið en hafa ekki verið framkvæmdir til fulls fyrir lok gildistíma samningsins.

11. gr.

Samningur þessi skal ganga í gildi á undirritunardegi. Skal hann gilda þangað til annar hvor samningsaðilinn segir honum upp með sex mánaða fyrirvara í skriflegri tilkynningu til hins aðilans.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem hafa til þess fullt umboð frá ríkisstjórnnum sínum, undirritað samning þennan.

Gjört í Reykjavík 4. desember 1991 á íslensku og rússnesku og skulu báðir textar jafngildir og bindandi fyrir báða samningsaðilana.

Fyrir hönd ríkisstjórnar  
lýðveldisins Íslands

Jón Baldvin Hannibalsson

Fyrir hönd ríkisstjórnar  
Rússneska sósíalíska  
ráðstjórnarsambandslýðveldisins

Valeriy A. Mangazeev

Fylgiskjal 2.**BÓKUN****um viðskipti milli lýðveldisins Íslands og Rússneska sósíalíska ráðstjórnarsambandslýðveldisins á árunum 1991–1992**

Ríkisstjórn lýðveldisins Íslands og ríkisstjórn Rússneska sósíalíska ráðstjórnarsambandslýðveldisins sem hér á eftir verða nefndir samningsaðilarnir, sem hafa hug á frekari þróun viðskipta milli landanna tveggja og hafa í huga ákvæði viðskiptasamningsins milli samningsaðilanna frá 4. desember 1991, hafa ákveðið eftirfarandi:

## 1. gr.

Vörurnar og þjónustuna í listum A og B, sem eru viðauki við bókun þessa, skal telja grundvöll útflutnings frá Rússneska sósíalíska ráðstjórnarsambandslýðveldinu til lýðveldisins Íslands og frá lýðveldinu Íslandi til Rússneska sósíalíska ráðstjórnarsambandslýðveldisins, hvors um sig, á tímabilinu frá gildistöku bókunar þessarar til 31. desember 1992.

## 2. gr.

Listar A og B, sem vísað er til í 1. gr. bókunar þessarar, skulu ekki vera til takmörkunar. Einstaklingar og lögaðilar samningsaðilanna, sem hafa fulla heimild til slíks, geta einnig gert samninga um afhendingu vara og veitingu þjónustu sem er ekki tilgreind í listum þessum eða fer fram úr því magni eða verðmæti sem þar er tilgreint.

## 3. gr.

Í samningum samkvæmt 2. gr. hér að framan skal semja um sérstaka skilmála og skilyrði varðandi afhendingu vara og veitingu þjónustu samkvæmt bókun þessari.

Sala og afhending vara og veiting þjónustu samkvæmt bókun þessari skal vera á grundvelli verðs í frjálsum skiptanlegum gjaldeyri sem kaupendur og seljendur ná samkomulagi um í samningum.

## 4. gr.

Þar til bær stjórnvöld samningsaðilanna skulu, þegar þar að kemur, gefa út nauðsynleg útflutnings- og innflutningsleyfi fyrir vörurnar og þjónustuna sem tilgreind er í listum A og B. Þau skulu einnig veita nauðsynlega aðstoð til að auðvelda gerð og framkvæmd samninga á þeim tíma sem vísað er til í 1. gr. hér að framan.

## 5. gr.

Deilur, sem rísa vegna túlkunar eða framkvæmdar bókunar þessarar, skal leysa með samningaumleitunum.

## 6. gr.

Bókun þessi skal ganga í gildi á undirritunardegi og gilda til 31. desember 1992. Ákvæðum bókunar þessarar skal beitt um samninga sem gerðir hafa verið á gildistíma hennar en hafa ekki verið framkvæmdir að hluta til eða öllu leyti fyrir lok gildistíma bókunarinnar.

Gjört í Reykjavík 4. desember 1991 á íslensku og rússnesku og skulu báðir textar jafngildir og bindandi fyrir báða samningsaðilana.

Fyrir hönd ríkisstjórnar  
lýðveldisins Íslands

Jón Baldvin Hannibalsson

Fyrir hönd ríkisstjórnar  
Rússneska sósíalíska  
ráðstjórnarsambandslýðveldisins

Valeriy A. Mangazeev

**LISTI A****yfir vörur og þjónustu frá Rússneska sósíalíska ráðstjórnarsambandslýðveldinu til lýðveldisins Íslands 1991-1992**

1. Gasolía . . . . . um 200.000 tonn
2. Svartolía . . . . . um 225.000 tonn
3. Niðursagað timbur . . . . . um 35.000 m<sup>3</sup>
4. Ökutæki . . . . . um 800 stk.
5. Ýmislegt (m.a. vörur úr járn málmum) . . . . . um 10 milljónir Bandaríkjadala
6. Þjónusta . . . . . Eftir samkomulagi milli viðkomandi aðila
7. Vörur, afhentar í vöruskiptum . . . . . Eftir samkomulagi milli viðkomandi aðila

**LISTI B****yfir vörur og þjónustu frá lýðveldisinu Íslandi til Rússneska sósíalíska ráðstjórnarsambandslýðveldisins 1991-1992**

1. Heilfrystur fiskur og fryst fiskflök . . . . . um 25 milljónir Bandaríkjadala
2. Saltsíld . . . . . um 30 milljónir Bandaríkjadala
3. Lagmeti . . . . . um 10 milljónir Bandaríkjadala
4. Band og ullarvörur (m.a. vefnaður) . . . . . um 12 milljónir Bandaríkjadala
5. Ýmislegt (m.a. vélar og tæki) . . . . . 3-5 milljónir Bandaríkjadala
6. Þjónusta (m.a. tækniþekking og ráðgjöf) . . . . . Eftir samkomulagi milli viðkomandi aðila
7. Vörur, afhentar í vöruskiptum . . . . . Eftir samkomulagi milli viðkomandi aðila

20. desember 1991

Nr. 32

**AUGLÝSING****um tvísköttunarsamning við Bretland.**

Samningur milli Lýðveldisins Íslands og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og söluhagnaði af eignum, sem gerður var í Reykjavík 30. september 1991, öðlaðist gildi 19. desember 1991.

Jafnframt féll samkomulag frá 27. apríl 1928 um gagnkvæma undanþágu frá tekjuskatti af hagnaði af skipaútgærd úr gildi, sbr. auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda nr. 4/1930.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 20. desember 1991.*

**Jón Baldvin Hannibalsson.**

*Þorsteinn Ingólfsson.*